

Alþingi
Erindi nr. P 138/1034
komudagur 27.1.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 27.01. 2010

Efni: Frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, 320. mál.

Samtök atvinnulífsins lýsa yfir stuðningi við efni frumvarpsins og telja að nú sé mikilvægara en nokkru sinni að hvetja til fjárfestinga erlendra sem innlendra í íslensku atvinnulífi.

Í því sambandi er rétt að taka undir ýmislegt af því sem fram kemur í greinargerð og fylgiskjali með frumvarpinu um mikilvægi þess að „Ísland léti í té skatta- og lagalegt umhverfi fyrir gagnaver sem gerði þeim kleift að keppa á árangursríkan hátt við önnur lönd Evrópu og Norður-Ameríku“, að það „er um þessar mundir – sökum efnahagslæðarinnar – talið afar áhættusamt að fjárfesta og stunda viðskipti hér“, að vegna skattahækkana eru fjárfestar „ófúsir að ráðast í langtímaskuldbindingar og framkvæmdir á Íslandi ef veruleg áhætta er fyrir hendi að þessu leyti“ og að nú „álíta erlendir fjárfestar og viðskiptavinir Ísland vera áhættusamt og hugsanlega ótraust ríki sem glímir við ýmis þjóðhagfræðileg vandamál“.

Nauðsynlegt er að stjórnvöld einbeiti sér að því að leysa þau vandamál sem þarna er lýst og skapi hér á landi umhverfi sem ýtir undir traust fjárfesta og annara sem alþjóðleg viðskipti stunda.

Virðingarfyllt,

Pétur Reimarsson